



## Menningar- og æskulýðsnefnd

### Númer fundar:

18

### Dagsetning fundar:

Fimmtudagurinn 19.maí 2022

### Tími fundar:

Kl. 20.30

### Staður

Fundarherbergi Árnesi

Mætt eru: Hrönn Jónsdóttir, Ástráður U. Sigurðsson og Annar Kristjana Ásmundsdóttir.

1. Dagskrá í Árnesi – Þórður Guðni Ingvason staðarhaldari kom á fund og fór yfir þá dagskrárliði „Upp í sveit“ sem haldnir eru í Árnesi.
2. Sumarhátíð verður haldin helgina 17. – 19. júní -farið yfir ýmis atriði sem huga þarf að í dagskrá hátíðarinnar.
3. Nefndinni barst eftirfarandi erindi frá sveitarstjórn:

#### **Frisbígólfvöllur- Hugmyndir að útfærslu**

Farið nánar yfir útfærslu verkefnastjóra að *Heilsueflandi samfélagi* vegna uppsetningu á frisbígólfvelli við Árnes. Lagt er upp með að sveitarfélagið kaupi fjórar körfur. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

#### ***Sveitarstjórn vísar málinu áfram til menningar- og æskulýðsnefndar.***

Nefndin fagnar því að frisbígólfvöllur verði byggður upp í sveitarfélaginu. Nefndin ítrekar þó þá ósk að önnur fjölskylduvæn „leiktæki“ verði einnig sett upp í Brautarholti svo sem hlaupaköttur eða annað sem styður við uppbyggingu útivistarsvæðis þar.

4. Laugardaginn 18. júní nk. verða haldnir *Sveitaleikar* í Árnesi – sem hluti af annarri skemmtidagskrá sveitahátíðarinnar „Upp í sveit“. Fráfarandi menningar- og æskulýðsnefnd skorar hér með á nýkjörna sveitarstjórn að skrá sig til leiks á *Sveitaleikunum* og reyna þannig á samstarfshæfileika stjórnarinnar, samhæfni, hraða og skilvirkni! *Sveitaleikarnir* er liðakeppni og verður skráning opin öðrum s.s. fjölskyldum, vinnustöðum og vinahópum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 22:00

Hrönn Jónsdóttir ritaði fundargerð.